



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur 5. maí 2010 kl. 17:15

Boðaðir: Snorri Olsen (SO), Pálína Hinriksdóttir (PH), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) og Þorsteinn Rafn Johnsen (ÞRJ), Elías Karl Guðmundsson (EKG) og Sara Rut Unnarsdóttir (SRU).

Mættir: Snorri Olsen (SO), Pálína Hinriksdóttir (PH), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) og Þorsteinn Rafn Johnsen (ÞRJ), Sara Rut Unnarsdóttir (SRU) boðaði forföll.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
Samþykkt
2. Fundasköp aðalstjórnar
JSI lagði fram tillögu að fyrirkomulagi funda og innsendra erinda. Málin rædd, samstaða um þróa fundi stjórnar í fastara form.
3. Siðareglur UMF Stjörnunnar
 - a. Aðalstjórn staðfestir siðareglur félagsins og felur starfsmönnum félagsins að koma verkefninu í lokayfirlestur og framkvæmd.
4. Handbók Íþróttaskóla Stjörnunnar
Rætt um innihald handbókar og farið yfir athugasemdir fimleikadeildar.
Aðalstjórn leggur áherslu á að handbókin er lifandi skjal sem mun taka breytingum í framtíðinni.
Ákveðin stofnun vinnuhóps um framtíðarskipulag Íþróttaskóla Stjörnunnar með aðkomu deilda félagsins. JSI mun stjórna þeirri vinnu.
Framkvæmdastjóra falið að að semja við Ásgerði Guðmundsdóttur um að veita sumaríþróttaskóla Stjörnunnar 2010 forstöðu.
5. Styrkir frá Garðabæ 2010
Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit yfir fjárveitingar Garðabæjar til Stjörnunnar 2010.
Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að styrkveitingum til deilda út árið 2010.
Umræður um báða liði og samspil þeirra og rekstraráætlana deilda félagsins.
6. Útfærsla á tengingum í félaginu og verkaskiptingu
Frestað.
7. Fundargerðir deilda
„Aðalstjórn beinir þeim tilmælum til deilda félagsins að bóka alla formlega fundi í stjórnnum deilda“. Fundargerðir deilda verði síðan lagðar fyrir aðalstjórn til upplýsingar.
8. Önnur mál
 - a. Framkvæmdastjóri lagði fram lista yfir boðskort félagsins 2010-2011. Samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:45

Ritað PGr.